

Snorri Hjartarson



Snorri í Noregi 1934.

Snorri Hjartarson var fæddur 22. apríl 1906 á Hvanneyri í Borgarfirði, sonur Hjartar Snorrasonar skólastjóra og Ragnheiðar Torfadóttur, en ólst upp í Arnarholti í Stafholtstungum frá níu ára aldri. Hann stundaði nám við Flensborgarskólann í Hafnarfirði og síðan í Menntaskólanum í Reykjavík en varð að hætta þar vegna heilsuþrests. Hann hélt utan að leita sér lækninga og lagði síðan stund á listnám í Kaupmannahöfn 1930 og Ósló 1931-’32. Á þessum árum birtust fyrstu ljóð hans, fimm kvæði í tímaritunum *Eimreiðinni* og *Iðunn*. Þarna lagði hann einkum stund á málalalist, en sneri sér svo æ meir að ritstörfum. Snorri sendi frá sér skáldsöguna *Hóit flyver raven* sem kom út í Ósló 1934 og fékk góðar viðtökur bæði gagnrýnenda og lesenda.



Snorri við skrifir úti í náttúrunni.

Snorri flutti aftur heim til Íslands árið 1936. Hann hafði árið 1932 kvænst norskri konu, Solveigu Björnstad, en þau skilið. Heim kominn starfaði hann við Borgarbókasafn Reykjavíkur, fyrst sem bóka- og vörður, en var skipaður borgarbóka- og vörður 1943 og gegndi því starfi til ársins 1966. Jafnhliða gegndi hann ýmsum trúnaðarstörfum fyrir samtök listamanna, sat í stjórn Rithöfundafélags Íslands 1945-’50 og var forseti Bandalags íslenskra listamanna 1957-’59. Árið 1966 hlaut Snorri Silfurhestinn, bókmenntaverðlaun dagblaðanna. Snorri kom líka talsvert að bókaútgáfu sem ritstjóri kvæðasafna og ritaði formála í fjölda bóka.

„Mér bykir vænst um Jónas Hallgrímsson af öllum íslenskum skáldum.“

„Það er ekkert launungamál, að ég hef lesið enska nútímalýrikk mjög mikið og stend áreiðanlega í þakkarskuld við mörg ensk nútímaskáld.“



Snorri heima á Eiríksgötu 27 vorið 1981.

Án vonar ekkert líf

Niðurlag ræðu Snorra við móttöku Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs þann 3. mars 1981

Nú má hver og einn lá mér þó mér sé dimmt fyrir sjónum þegar ég litast um í heim-inum í dag. Jörðin stynur undan verkum barna sinna, hinna voldugu og fámennu drottna auðmagns og þegna. Mengunin, einn mesti bölvaldur vorra tíma, færist í aukana án afláts. Skógum er eytt, hin söng- og sögufrægu fljót sem fyrr runnu blá og silfurtær til sjávar orðin að mórauðum skolpræsum þar sem ekkert kvikt getur þrífist, voldug úthöfin þakin olíu, menguð eiturefnum, og hvað um lofthjúp jarðar, hvernig er ástatt um hann? Jörð, haf og himinn, allt er eyðingu undirorpið, svo að löngu er mál að linni. Og ótalin er skelfingin mesta, eyðingin algera, sem vofað getur yfir, en sem ég ætla ekki að fara orðum um, get reyndar ekki hugsað til enda.

Er þá ekkert til bjargar, ríkir vonleysið eitt um framtíð lífs og jarðar? Nei, svo getur ekki verið, vissulega ölum vér með oss von um fegri heim og betri, án vonar ekkert líf. Og þó oss virðist einatt hin hvítu öfl tilverunnar, fegurð og góðvild, lítilsmegnug í baráttunni við hin myrku öfl, illsku og græðgi, getur svo farið á einhvern hátt og þrátt fyrir allt, að öfl ljóss og lífs beri sigur af hólmi. Því fögnum vér öllu sem glætt getur og styrkt þá von í brjóstum vorum. Og það verði síðustu orð þessa örstutta ávarps, ósk mín og bæn, að hið fagra og góða, sem er eitt og hið sama, megi lýsa oss leiðina fram.

„Ég er hrífnastur af Yeats.“

„Ég held það sé nauðsynlegt fyrir nútímaskáld að vera í órofa sambandi við íslenskan skáldskap allra tíma.“


„Það er svo með mig að kvæðið kemur til mín og heimtar að það sé ort; ég kemst ekki undan því að yrkja það.“

Ljóð

Ljóðabækur Snorra urðu fjórar talsins: *Kvæði* (1944), *Á Gnitaheiði* (1952), *Lauf og stjörnur* (1966) og *Hauströkkrið yfir mér* (1979). Fyrir þá síðastnefndu hlaut hann Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs árið 1981.

Árið 1986 sæmdi Heimspekideild Háskóla Íslands hann heiðursdoktorsnafnbót og er hann einn örfárna skálda sem hana hafa fengið.

Snorri Hjartarson andaðist í Reykjavík 27. desember árið 1986, þá liðlega áttæður.



Snorri hafði mikið yndi af ferðalögum, ekki síst á fjöllum. Ljósmynd: Páll Jónsson

Inn á græna skóga

Ég vil hverfa langt
langt inn á græna skóga
inn í launhelgar trjána

og gróa þar tré
gleymdur sjálfum mér, finna
ró í djúpum
rótum og þrótt
í ungu ljóspyrstu laufi

leita svo aftur
með vizku trjána
á vit reikulla manna.

Snorri Hjartarson.

„Rímið var aldrei nokkurt haft. Hins vegar var ég dálítið þreyttur á þessu tilbreytingarlausu kling–klang.“

„Það má segja að ég hafi verið seinbroska sem ljóðskáld, og síst ætti ég að harna það.“

„Fagurfræðilegt gildi er mikilvægt, þó má maður aldrei loka sig inni í fílaþeinturni.“

„Ég lærði nóg til þess að vita hvað það kostar að verða góður málari.“

„Sú náttúra sem ég dái mest er náttúra litadýrðarinnar.“

Kvæði koma út á sjálfu lýðveldis-árinu, 1944, og er að stórum hluta óður til Íslands, íslenskrar náttúru og menningar. Bókin endurspeglar gleði og fögnuð skáldsins yfir því að vera kominn heim, og þær persónulegu forsendur birtast m.a. í því hversu bernskuumhverfi skáldsins er þar áberandi. Sterk lýsingarorð og svipmikil er víða að finna í kvæðunum, en flest ljóð bókarinnar eru ort undir viðurkenndum bragarháttum, til dæmis Eddukvæðaháttum og sonnettuformi. Þau leyna þó á sér því víða hefur Snorri vélað um form og þreifar greinilega fyrir sér í þeim efnum, enda formbyltingartímar í bókmenntum og listum. Sú skoðun er viðtekin að Snorri Hjartarson hafi í ljóðformi fléttað saman gamalt og nýtt. Undir lok bókar eru ljóð sem benda til vaxandi uggs skáldsins vegna þróunar heimsmála.



Kvæði. Kápumynd Ásgrímur Jónsson.

„Stundum er ég fljótur, stundum mánuðum saman.“


„Ég fann mig í ljóðinu og hitt hefur eiginlega aldrei kallað á mig.“

„Ljóðið sprettur upp úr þörfinni fyrir að skapa list. Það er ástríðan, hrein og tær.“

„Ég hef gert meira af því að slá gullin stef en sverð.“

Á Gnitabeiði (1952) er sú ljóðabóka Snorra sem er undir mestum áhrifum frá samtímaatburðum. Hún hefur þá sérstöðu meðal bóka hans að þar er að finna brýningar- og hvatningarljóð þar sem skáldskapurinn verður vopn í baráttu skáldsins gegn því sem hann telur ógna ættjörð sinni, menningu hennar, tungu og hinum góðu gildum í veröldinni.

Snorri yrkir um frelsi og fullveldi þjóðarinnar, sem hann telur í hættu, og deilir hart á setu erlends herliðs á Íslandi. Ávallt má þó greina viðleitni skáldsins til þess að ljá ádeilu sinni víðara gildi. Hann yrkir líka um ýmsa leiða fylgikvilla siðmenningar og stillir þeim einatt upp andspænis náttúrunni sem í ljóðum Snorra er ávallt táknmynd hins upprunalega og sanna.




„Ég held ég verði aldrei popúlert skáld.“

„Ég fór einhvern milliveg hins hefðbundna og þess móðerna.“

„Einlægni og heiðarleiki skipta öllu máli. Ég vona að það sjáist í kvæðum mínum.“

„Í ljóði má ekki standa neitt óþarft orð.“

Frá og með *Laufi og stjörnum* (1966) verða ádeiluljóð Snorra tilvistarlegri, fjalla meira um almenna vegferð mannsins. Þar kemur víða fram sú skoðun að maðurinn hafi villst af leið, hafi fjarlægst sjálfan sig og upprunaleg gildi og verðmæti, sem náttúran tákngerir. Aðeins með því að fylgja leiðsögn hennar og læra að lifa með henni geti hann lifað í sátt. Í *Laufi og stjörnum* eru flest ljóð ort undir frjálsu formi, rím er að mestu horfið en Snorri styðst ævinlega við ljóðstafi með einhverjum hætti. Hér eru sérstaklega áberandi ljóð með nokkrum stuttum erindum, oftast nær tvær til þrjár ljóðlínur hvert. Í hverju erindi er sjálfstæð mynd eða hugsun, tiltekið sjónarhorn á efni ljóðsins sem skírskotar þó til heildarinnar og er í órofa tengslum við það.



Lauf og stjörnur. Kápumynd Hörður Ágústsson.


„Veröldin er miklu dularfyllri en maðurinn stundum heldur.“

„Það yrkja náttúrulega allir fyrir sjálfa sig, að minnsta kosti sönn skáld.“

„Margt er þess eðlis að ljóðið eitt getur tjáð það.“

„Það verður sjaldgæfara með aldrinum að það komi til mín kvæði.“

Aukin hnitmiðun í formi og stíl ein-kennir síðustu bók Snorra, *Haust-rökkrið yfir mér* (1979), jafnframt því sem ljóðin verða miðleitnari. Bókin ber nafn með rentu, því ljóðin bera þess merki að í lífi skáldsins haustar að og beygs gætir yfir því að hin illu öfl tilverunnar geri sig meira gildandi. Samterheimspekilegró yfir ljóðunum í *Haust-rökkrið yfir mér*. Ljóðin bera sífellt sterkari svip einingarþrár eða sáttahyggju sem leitast við að sætta allar andstæður og upphefja tímann; þau stefna inn í ljósið „sem geymir um eilífð hvað sem er, og bíður“. Þar ríkir kyrrð, friður og samræmi, hið upphaflega, sanna og góða ástand allra hluta.



Haust-rökkrið yfir mér. Kápumynd Jón Reykdal.

„Annars finnst mér að ég hafi ekki orðið fyrir áhrifum frá neinu einu skáldi.“

Ég er orðinn gamall maður og haust-rökkrið yfir mér eins og öllu mannkyni...